

Alþingi
Atvinnuveganefnd
nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 24. mars 2021

Umsögn þingsályktun um flutning höfuðstöðva Rarik ohf á landsbyggðina, mál 379..

Stjórn Vestfjarðastofu sem fer með málefni Fjórðungssambands Vestfirðinga, telur að þingsályktunin styðji við markmið ríkisstjórnar um að stuðla að fjölbreyttum störfum um land allt. Eins styður efni þingsályktunarinnar við markmið Byggðaáætlunar 2018-2023 og verkefni áætlunarinnar s.s. B9 Fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land. Því er lýst stuðningi um að stefna á flutning starfsemi Rarik ohf af höfuðborgarsvæði út á landsbyggðarnar.

Stjórn Vestfjarðastofu telur að markmið þingsályktunarinnar *að kannað verði á grundvelli hagsmuna félagsins hvar væri hentugast að byggja upp höfuðstöðvarnar, eigi ekki að fela í sér að stefnt sé á uppbyggingu höfuðstöðvar á einum stað. Hér á fremur að horfa til þess að nýta tækifærið og dreifa núverandi starfsemi höfuðstöðva á starfstöðvar um land allt og byggja þar á framþróun í tækni og stjórnun fyrirtækja og stofnana.*

f.h. Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.